



Sumarsæla Bjarni í rjúmablíðu í Wurmlinger Kapelle í nágrenni Tübingen í maí í fyrra.

## „Tilraunakennd bít-ídyfa“

● Muted sendir frá sér Wizard is Nice, framhald Lizard on Ice ● Allt annað að búa í Tübingen en á Egilsstöðum

Helgi Snær Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is

Tónlistarmaðurinn Muted, réttu nafni Bjarni Rafn Kjartansson, sendi fyrir fáeinum vikum frá sér plötuna *Wizard is Nice* og er það Möller Records sem gefur hana út. Platan hefur að geyma 20 lög og er hún framhald plötunnar *Lizard on Ice* sem kom út árið 2014.

Muted er þekktur fyrir einstakan hljóðheim, frumlega hljóðsmölun og töfrandi takta, eins og segir í tilkynningu frá útgefanda, hefur fengið við raftónlist af ýmsu tagi allt frá unglingsárum og gefið út fjölda platna á síðastliðnum níu árum eða þar um bil.

Bjarni býr og starfar í hinum fagra bæ Tübingen í Baden-Württemberg í Þýskalandi. „Ég á þýska kærustu og hún er að læra lækisfræði hérna,“ segir hann þegar blaðamaður spyr hvað hann sé að gera í Tübingen. „Ég er að vinna hjá Max Planck Institut, þeir eru með þróunarlíffræðideild sína hér og ég er að vinna í tölvukerfum fyrir þá,“ bætir Bjarni við en hann á að baki líftækninám sem hann kláraði að vísu aldrei því hann langaði meira að verða tónlistarmaður. „Ég hef alist upp við tölvur og þó ég sé bara 29 ára núna er ég örugglega með 20 ára reynslu af tölvum,“ segir hann.

### Þriðjungur íbúa námsmenn

– Hvernig er Tübingen, þessi rómantíski og fallegi bær, sem umhverfi fyrir raftónlistarmann?

„Það er mjög rólegt og kósí hérna en það er rosalega mikil menning því um einn þriðji af íbúunum hérna eru námsmenn. Þannig að það er margt ungt fólk hérna og mikið líf,“ svarar Bjarni.

– Hvers vegna tókstu þér listamanns nafnið Muted? Af því það heyrir aldrei í þér í lögunum þínum?

Bjarni hlær. „Nei. Ég var einmitt að spá í þetta um daginn, ég er í íslenskri raftónlistargrúpu á Facebook og við vorum einmitt að tala um listamannanöfnin. Ég er frá Egilsstöðum og ég myndi ekki segja að það væri vaggá menningarinnar. Ég var að spila raftónlist þar fyrir mörgum árum og fólk kom og bað um Queen,“ segir Bjarni og hlær. „Þannig að ég var alltaf svolítið einn á báti og ég er dálítið „introvert“ karakter þannig að þetta er víðeigandi nafn.“

– Ég sé það af titlunum á seinustu tveimur plötum þínum, *Lizard on Ice* og *Wizard is Nice*, að það er stutt í húmorinn hjá þér ...

„Já og þessi project, þessar hipp-

hopp-plötur eru meira til gamans gerðar.

Þegar ég spila á tónleikum er ég með annað sánd, það er meira sándið sem ég er að reyna að fullkomna, aðalsándið. Ég er með aðra plötu tilbúna sem heitir *Empire* og ég er á fullu í að reyna að finna útgáfufyrirtæki fyrir hana,“ segir Bjarni. Á *Wizard is Nice* megi finna gamla takta sem hann hafði átt til og brætt við hljóðbúta úr ýmsum áttum, m.a. úr djassi.

### Langaði að gera hipphopp

„Þetta er svona tilraunakennd bít-ídyfa, þannig séð,“ segir Bjarni, beðinn um að lýsa tónlistinni frekar. „Frá því ég var lítill hef ég verið mikill hipphopp-haus, mig langaði alltaf að gera hipphopp, fannst það svo kúl en kunní ekkert að gera tónlist þá. Þannig að þetta er mín tilraun til að verða einhver hluti af þeirri sögu,“ bætir hann við.

Lagatitlar plötunnar eru forvitnilegir og má af þeim nefna „Létt lund leysir alla hnúta“, „Princess of Alderaan“, „Beygláð LFO“ og „Masterchef“. Löggin eru öll án söngs og eini textinn í þeim eru einstaka talbútar. Bjarni er spurður að því hvaðan lagatitlarnir komi, hvernig þeir verði til. „Það er mjög misjafnt, ég á oft mjög erfitt með að finna nöfn á löggin og þá skelli ég yfirleitt á mig heyrnartölum, loka augunum og reyni að ímynda mér eitthvað út frá sándinu. Svo fer ég líka oft í einhvern Wikipedia-rússíbana þar sem ég smellir mig áfram þar til ég finn eitthvað. Það er allur gangur á þessu,“ segir Bjarni.

– Í fyrsta laginu er mjög fyndinn hljóðbútur með ónefndum karlmanni sem er að leggja ökuönnunum línurnar og segir m.a. „létt lund leysir alla umferðarhnúta“ ...

Bjarni hlær. „Þetta er af gamalli kassetu sem ég fann í kassetu-töskunni hans pabba,“ segir hann. Kassetu sem ætlast var til að öku-menn hlustuðu á þegar þeir væru að keyra. „Ég á svo rosalega mikið af hljóðbútum af henni, ég hefði getið notað svona 30 búta. Hver veit nema maður noti þá einhvern tíma síðar,“ segir Bjarni og hlær.

### Betur staðsettur

Bjarni segist lítið hafa spilað á tónleikum frá því hann flutti til Þýskalands en í fyrra hafi hann þó spilað með hljómsveitinni Samaris í Berlín og hann hafi líka samið lög með Jófríði Akadóttur, söngkonu



hljómsveitarinnar og komið fram með henni á tónleikum en Jófríður kemur líka við sögu á hinna óútgefna *Empire* og einnig DJ flugvél og geimskip o.fl. tónlistarmenn.

„Svo fór ég í desember í fyrra til Prag. Annars hef ég verið rólegur, er meira að einbeita mér að því núna að koma plötunni á einhvern stað sem skilar mér eins góðri kynningu og ég get fengið. Núna er ég líka á góðum stað upp á að geta ferðast, það er allt annað að búa hér en á Egilsstöðum,“ segir Bjarni kíminn.

*Wizard is Nice* er aðgengileg á netinu, á vef Möller Records ([mollerrecords.com/releases/wizard-is-nice](http://mollerrecords.com/releases/wizard-is-nice)) og Spotify og segir Bjarni að mögulega komi hún út á vínýl seinna meir.

## Pólskir kvikmyndadagar hefjast á síðustu mynd Andrzej Wajda

Pólskir kvikmyndadagar hefjast í Bío Paradís á föstudag en þá verður frumsýnd kvikmyndin *Afterimage*, sem er síðasta kvikmyndin sem Andrzej Wajda leikstýrði en hann lést í fyrra.

Kvikmyndin segir sögu listmálara Wladyslaw Strzemiński (f. 1893, d. 1952), sem hélt fast í algjört frelsi í listsköpun þrátt fyrir pólitískar hindranir. Í stjórnartíð Stalíns, árið 1945, var hann rekinn úr stöðu sem háskólakennari og voru verk hans fjarlægð úr sölum listasafnsins. Nemendur risu upp honum til varnar.

Myndin vann sérstök dómnefndarverðlaun á Pólsku kvikmyndahátíðinni 2016 og hefur almennt fengið góða dóma en hún fær 73 prósent á kvikmynda-vefnum IMDb. *Afterimage* verður opunarmynd Pólskra kvikmyndadaga 2017 og myndin fer svo í almennar sýningar að pólsk-



Listfrelsi í *Afterimage* er rakin saga pólska listamannsins Wladyslaw Strzemiński sem hér sést.

um dögum loknum, með íslenskum texta.

Með aðalhlutverk í myndinni fara þau Boguslaw Linda, Aleksandra Justa og Bronisława Zamachowska.

**LAUGARÁS**

**BÍÓ**

50%

**mid.is**

Míðasala og nánnari upplýsingar

<p><b>SÝND KL. 4, 7, 10</b></p>	<p><b>SÝND KL. 4, 6</b></p>
<p><b>SÝND KL. 4, 6</b></p>	<p><b>SÝND KL. 10.35</b></p>
<p><b>SÝND KL. 8</b></p>	<p><b>SÝND KL. 8, 10.15</b></p>

## ENN EINN DAGUR Í PARADÍS

*Bezt á fiskinn*

Beztu uppskriftirnar okkar

[bestalambid.is](http://bestalambid.is)